

Slysatriyggning launþega greiðir bætur á grundvelli kjarasamninga ef slys veldur tímabundinni starfsorkuskerðingu, varanlegri örorku eða dauða. Um trygginguna gilda þessir skilmálar auk almennra skilmála félagsins nr. 001.

1. KAFLI	SLYSATRYGGING	1
2. KAFLI	VIÐAUKI	2

Vátryggðir eru launþegar í starfi hjá vátryggingartaka.

## 1. KAFLI SLYSATRYGGING

### 1. gr. Hvar gildir tryggingin?

Vátryggingin gildir hvar sem er í heiminum.

### 2. gr. Hvað bætir tryggingin?

Vátryggingin greiðir bætur vegna slyss er vátryggður verður fyrir. Með orðinu „slys“ er hér átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð, sem veldur meiðslum á líkama vátryggðs og gerist sannanlega án vilja hans. Bætur greiðast því aðeins að slysið sé aðalorsök þess að vátryggður deyr eða missir starfsorku sína að nokkru eða öllu leyti.

### 3. gr. Bætur vegna tímabundins missis starfsorku

Verði vátryggður óvinnufær af völdum slyss greiðir félagið dagpeninga þá sem í gildi voru á slysdagi ef réttur til dagpeninga er fyrir hendi samkvæmt kjarasamningi. Dagpeningar eru greiddir eftir að biðtíma lýkur þar til vátryggður verður vinnufær að nýju eða til loka bótatíma, þó ekki fyrir tímabil að loknum þremur árum frá slysdagi. Biðtími reiknast frá upphafi óvinnufærni og greiðast dagpeningar eftir það í hlutfalli við starfsorkumissinn. Félagið ákveður hve mikill starfsorkumissirinn hefur verið og varanleika hans á grundvelli læknisvottorða og annarra gagna sem fyrir liggja. Stafi starfsorkumissir slasaða að einhverju leyti af öðrum orsökum en slysinu lækka dagpeningar í beinu hlutfalli við það hvern þátt þessar orsakir eiga í missi starfsorkunnar.

Dagpeningar eru greiddir vátryggingartaka meðan hann greiðir hinum vátryggða laun samkvæmt kjarasamningi, en síðan hinum vátryggða.

### 4. gr. Bætur vegna varanlegs líkamstjóns

Valdi slys vátryggðum varanlegri örorku innan þriggja ára frá slysdagi greiðast bætur á grundvelli þeirrar vátryggingarfjárhæðar sem var í gildi á slysdagi. Örorkubætur greiðast í hlutfalli við metna örorku nema annað sé tekið fram í kjarasamningi.

Örorku skal meta í hundradshlutum samkvæmt töflum Örorkunefndar um miskastig sem í gildi eru þegar örorkumat fer fram. Meta skal skerðingu á líkamlegri færni, án tillits til starfs, sérstakra hæfileika eða þjóðfélagsstöðu hins slasaða. Við mat á örorku skal beitt hlutfallsreglu þegar við á. Sé áverka hins slasaða ekki getið í töflum Örorkunefndar um miskastig skal meta hann sérstaklega með hliðsjón af töflunum. Örorka getur aldrei talist meiri en 100%. Missir eða bækun á útlím eða líffæri sem var ónothæft fyrir slysið gefur ekki rétt til örorkubóta. Vegna missis eða bækunar á útlím eða líffæri sem áður var bæklað skal meta örorku með hliðsjón af bækuninni fyrir slysið. Örorkubætur eru ekki greiddar vegna slysa sem eingöngu valda lýti eða vegna tannbrota.

Meta skal örorku í fyrsta lagi einu ári frá slysdagi og eigi fyrr en þegar greiðslum dagpeninga lýkur með hliðsjón af ástandi vátryggðs þá. Telji vátryggði eða félagið að örorka geti breyst, getur hvor aðili um sig krafist þess að endanlegu örorkumati verði frestað, þó ekki lengur en þrjú ár frá slysdagi. Þótt gera megi ráð fyrir að ástand vátryggðs kunni að breytast skal framkvæma örorkumat í síðasta lagi þremur árum eftir að slysið varð. Ef líkur eru til að ástand hins vátryggða megi bæta með lækni meðferð, þjálfun og eða öðrum slíkum aðgerðum og hann veigrar sér við án gilda ástæðna að gangast undir slíkar aðgerðir, ber samt sem áður við ákvörðun örorku að taka tillit til hugsanlegs bata sem slíkar aðgerðir kynnu að hafa í för með sér. Vilji vátryggði eða félagið ekki una niðurstöðu örorkumats, sem borist hefur félaginu innan framangreindra tímamarka, getur hvor aðili um sig lagt fram nýtt örorkumat á eigin kostnað innan 6 mánaða frá því að fyrri matsgerð barst félaginu. Frestur til framlagningar endanlegrar matsgerðar er þó aldrei skemmri en 3 ár frá slysdagi.

Ef vátryggði deyr áður en örorkumat fer fram skal örorka metin á grundvelli lækni-fræðilegra gagna og greiða bætur í samræmi við það. Beri andlát að innan árs frá slysdagi greiðast engar örorkubætur.

### 5. gr. Dánarbætur

Valdi slys dauða vátryggðs innan eins árs frá slysdagi greiðist réttthafa bóta vátryggingarfjárhæð sú sem var í gildi á slysdagi að frádregnum bótum fyrir varanlega örorku sem félagið kann að hafa greitt vegna sama slyss. Dánarbætur greiðast því aðeins að slysið sé bein og eina orsök þess að vátryggður deyr.

### 6. gr. Bætur vegna tannbrots

Félagið endurgreiðir kostnað við viðgerðir á heilbrigðum og vel viðgerðum tönnum, sem brotna eða laskast við slys að því marki sem hann fæst ekki bættur af almannatryggingum. Greiðsla félagsins takmarkast þó við 5% af grunnfjárhæð

örorkubóta i vegna hvers slyss og samanlagðar greiðslur vegna slysa á einu váttryggingarári við 7,5 % af sömu upphæð. Félagið bætir ekki brot á tönnum sem ber að höndum þegar váttryggður matast.

#### 7. gr. Undanþágur

Félagið greiðir ekki bætur vegna:

- Slyss sem váttryggður verður fyrir í handalögmálum eða við þátttöku í refsiverðum verknaði nema sannað sé að ekkert samband hafi verið milli ástands þessa og slyssins.
- Slyss sem rekja má til neyslu áfengis, deyfi- eða eiturlyfja nema að sannað sé að ekkert samband hafi verið milli ástands þessa og slyssins.
- Slyss eða annarra afleiðinga ljósbaða, lækningameðferðar, skurðaðgerðar eða lyfjanotkunar nema framangreint sé að læknisráði vegna bótaskylds slyss eða sjúkdóms.
- Slyss sem orsakast af matareitrun, drykkjareitrun og neyslu nautnalyfja.

Undanþágur sem váttryggja má sérstaklega:

- Slys sem verða í keppni eða við æfingar til undirbúnings fyrir keppni í hvers konar íþróttum nema keppnin eða æfingarnar tengist starfi váttryggðs.
- Slys sem verða í hvers konar akstursíþróttum, bardagaíþróttum, fjallaklifri, klettaklifri, bjargsigi, froskköfun, drekaflugi, svifflugi, fallhlífarsökki og/eða íþróttum sem eru sambærilegar og eðlisskyldar.
- Slys sem verða í flugi, nema váttryggður sé farþegi í áætlunar- eða leiguflugi á vegum aðila sem hefur tilskilin leyfi hlutaðeigandi flugmálayfirvalda.

Félagið greiðir ekki bætur sé bótaréttur vegna slyssins fyrir hendi samkvæmt lögboðinni ökutækjatriggingu, þ.e. hvort heldur er úr ábyrgðartryggingu eða slysatryggingu ökumanns og eiganda, nema annað komi skýrt fram í kjarasamningi. Sama gildir, eigi váttryggður rétt til bóta vegna tannbrots skv. reglum umferðarlaga um tjón af völdum óþekktra og óváttryggðra ökutækja.

Undanþágur vegna sjúkdóma o.fl:

Félagið bætir ekki slys sem beint eða óbeint orsakast af sjóndepru, heyrnardeyfð, hreyfihömlun, geðsjúkdómum, flogaveiki, krampa, slagi, sykursýki eða öðrum alvarlegum sjúkdómum eða veiklun. Þá bætir félagið ekki tjón af völdum sýkingar af skordýrabiti eða stungu. Hafi slíkar ástæður verið þess meðvaldandi að váttryggður missir starfsorku sína um stundarsakir eða varanlega, er einungis greitt fyrir þann starfsorkumissi sem ætla má að hann hefði orðið fyrir ef þessar ástæður hefðu ekki komið til. Jafnvel þótt slys verði talin sönnuð orsök greiðir félagið ekki bætur vegna eftirfarandi sjúkdóma eða sjúklegs ástands: Brjós-kloss, þursabits (lumago ischias), liðagigtar, slitgigtar eða hvers konar annarra gigtarsjúkdóma.

Ef sjúkdómar, veiklun eða sjúklegt ástand váttryggðs eru meðorsakir dauða hans greiðast engar dánarbætur. Þetta gildir hvort sem ástand þetta var fyrir þegar slysið varð eða skapaðist síðar án þess að vera beinlínis og einungis afleiðing af slysi sem váttryggingin nær til.

Undanþágur sem kunna að vera tilgreindar í kjarasamningi eiga einnig við um váttryggingar skv. skilmálum þessum.

#### 8. gr. Váttryggingarfjárhæðir

Váttryggingarfjárhæðir fara eftir gildandi kjarasamningi sem við á. Þar er jafnframt kveðið á um reglur varðandi vísitölubindingu váttryggingarfjárhæða og bótafjárhæða. Upplýsingar um váttryggingarfjárhæðir koma fram í váttryggingarskírteini eða vísað er til þeirra í skírteini.

#### 9. gr. Aldurstakmörk

Váttryggingarfjárhæðir sem tilgreindar eru í váttryggingarskírteini eða kjarasamningi lækka um 5% fyrir hvert aldursár frá því að váttryggður nær 70 ára aldri, en um 10% frá því að hann verður 82 ára. Aldurslækkun fjárhæða verður mest 90% við 84 ára aldur. Sé kveðið á um meiri aldurslækkun í kjarasamningi gildir hún framfar þessu ákvæði.

Félagið váttryggir ekki börn yngri en 13 ára fyrir hærri dánarbótum en sem nemur venjulegum útfararkostnaði.

## 2. KAFLI VIÐAUKI

Viðbótarvernd samkvæmt eftirfarandi sérskilmálum gildir aðeins ef hennar er sérstaklega getið á váttryggingarskírteini og gegn greiðslu viðbótariðgjalds.

#### 10. gr. Sérskilmáli fyrir váttryggingu á eigum starfsmanna

Váttryggingin tekur til tjóns á fatnaði og öðrum persónulegum munum launþega sem verður vegna skyndilegs og ófyrirsjáanlegs utanaðkomandi atviks við framkvæmd vinnu á vinnustað og váttryggingartaki ber ábyrgð á samkvæmt kjarasamningi. Váttryggður er váttryggingartaki. Bætur greiðast til váttryggingartaka hafi hann greitt bætur fyrir skemmdan muni en að öðrum kosti til launþega.

Með persónulegum munum er átt við úr, skartgrip, gleraugu, heyrnartæki, stoðtæki, oph. sem eðlilegt er að launþegi beri á sér við framkvæmd starfsins. Tjón á farsímum og snjalltækjum er aðeins bætt að því tilskyldu að starfsmanni hafi verið nauðsynlegt að nota eða bera slík tæki við framkvæmd starfsins. Váttryggingin tekur ekki til verkfæra af neinu tagi. Váttryggingin bætir ekki:

- a. Tjón sem verður vegna þess að váttryggður munur er mislagður, hann gleymist, týnist eða er skilinn eftir á almannafæri.
- b. Tjón sem váttryggingartaki ber ekki ábyrgð á samkvæmt kjarasamningi vegna gáleysis eða hirðuleysis starfsmanns við meðferð eða varðveislu váttryggðs munar.
- c. Tjón sem hlýst af langvarandi raka, leka eða smiti eða tjón sem hlýst af myglu eða sveppagróðri.
- d. Þjófnað á váttryggðum munum, sem verður án innbrotis í læst húsnæði, ökutæki eða hirslu. Bætur vegna innbrotspjófnaðar fæst aðeins bætt ef á vettvangi eru skýr ummerki um innbrot.
- e. Útlitsgalla sem rýrir hvorki verðmæti né notagildi váttryggðs munar.

**Skilmálar þessir gilda frá 5. nóvember 2024.**